



Reykjavík, 18. júní 2025
PON25030018

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja innleiðingu á rafrænum beiðnabókum

Á fundi stafræns ráðs þann 13. júní 2025 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 4. júní 2025, um að hefja verkefnið Framþróun og fjölbreytni á reykjavik.is ásamt fylgigögnum sbr. 13. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík



Reykjavík, 4. júní 2025
PON25030018

Efni: Heimild til að hefja innleiðingu á rafrænum beiðnabókum

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd fjármála- og áhættustýringarsviðs, að hefja innleiðingu á rafrænum beiðnabókum þvert á svið og stofnanir Reykjavíkurborgar. Verkefnið snýr að því að innleiða í skrefum rafrænar beiðnabækur og leggja niður bækur á pappír til þess að auðvelda örugg tilfallandi innkaup fyrir starfsfólk borgarinnar.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi á verkbeiðni 264830 Innleiðing á rafrænum beiðnabókum. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júní 2025 til janúar 2026. Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun eru 23 m.kr., þar af tilheyra 12,3 m.kr. eignarsjóði á framkvæmdatímanum og 10,7 m.kr. í rekstrarkostnað yfir 4 ára tímabil, sem greiðast af fjármála- og áhættustýringarsviði. Gerður verður ótímabundinn samningur með sterkum uppsagnarákvæðum.

Fjármögnun rekstrarhluta verkefnisins hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og fjármálastjóra viðkomandi sviðs, dags. 4. júní 2025.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð - **trúnaður**

Frumkostnaðaráætlun - **trúnaður**

Reykjavík, (13.06.2025)

Verkefnaráðsfundur: 20.02.2025

Rafrænar beiðnabækur – niðurstaða frumathugunar og kynning á nýju verkefni

Samantekt:

Verkefnið snýr að því að innleiða í skrefum rafrænar beiðnabækur og leggja niður bækur á pappír til þess að auðvelda örugg tilfallandi innkaup fyrir starfsfólk borgarinnar. Lausn Símans Pay var valin eftir frumathugun (POC e. *proof of concept*) sem stóð yfir frá síðla árs 2024 fram í janúar 2025. Lausnin uppfyllir öll skilyrði sem bókhald borgarinnar setti fram. Þátttakendur í notendaprófunum lýstu yfir mikilli ánægju og eftirvæntingu á því að taka upp rafræna lausn. Verðtilboð liggur fyrir og er undir útboðsmörkum. Stefnt er að því að innleiðingu verði lokið á öllum sviðum og starfsstöðvum Reykjavíkurborgar í ársbyrjun 2026. Markmiðið er að reikningum verði skilað rafrænt og samsvörun milli innkaupaheimilda og samþykkttra reikninga í fjárhagsskerfi borgarinnar verði sjálfvirk.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 23 m.kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 11 mánuðir

Skor í Fylki frá verkefnaráði PON: 5,00

Ábati 33%: 5

Mikill ábati bæði fyrir starfsfólk og íbúa Reykjavíkurborgar. Helsti ábati verkefnisins er verulegur vinnusparnaður, árlegur prentkostnaður og akstur eftir beiðnabókum sparast.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækninnviði og gagnahögun 33%: 5

Verkefnið skapar mikið hagræði, hér er um mikla einföldun að ræða í ferli, sem stuðlar að sjálfvirknivæðingu og hefur áhrif á fjölda starfsfólks.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 5

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp starfsfólks innan Reykjavíkurborgar og utan.

Lagalegar kröfur – Já

Lagaleg krafa er til staðar um skjölun gagna.

Virðingarfyllt,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Innleiðing á rafrænum beiðnabókum

Eigandi: Jónas Skúlason, skrifstofustjóri
bókhalds og uppgjörs FAS

Staðan í dag

- Árlega gefnar út 20-25.000 pappírsbeiðnir
- Árlegur prentkostnaður 1,2 m.kr
- Langt ferli í kringum hverja beiðni
- Úrvinnsla beiðna tímafrek
- Engin sjálfvirkni
- Skortur á yfirsýn
- Bæta má aga í innkaupum
- Líkur á misferli
- Birgjar ófúsir að taka á móti beiðnum
- Akstur eftir beiðnablöðum og/eða á staði sem taka við beiðnum
- Krafa Rvk.borgar að öllum reikningum sé skilað rafrænt

Markmið

- Leggja niður beiðnabækur á pappír
- Innleiða rafrænar beiðnabækur
- Reikningum skilað rafrænt
- Sjálfvirk samsvörun milli innkaupaheimilda og samþykktra reikninga

Áskorun

- Breytt verklag
- Breytingastjórnun
- Notendur nota eigin símtæki

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Vinnusparnaður mældur í 1-2 stöðugildum
- Prentkostnaður lagður niður
- Aukið öryggi
- Algjör yfirsýn
- Gagnsæi
- Agi og hagræðing í innkaupum
- Færri eknir kílómetrar

Tímalína

Mars 2025 – janúar 2026

Kostnaður

Heildarkostnaður 23 m. kr.
Þar af Eignasjóður 12,3 m. kr.
Rekstur í 4 ár 10,7 m.kr. m.v 2000 notendur

Verkefnastjóri: Ágústa Rós Árnadóttir

Verkefnateymi: Elsa Ófeigsdóttir, Kristín Anna Þorgeirsdóttir, Guðríður Eiríksdóttir, Gunnar Hrafn Arnarsson, Lúðvík Vilhelmsson

Stafrænn leiðtogi: Erna Kristjánsdóttir